

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. Ísafjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, h/f Shell á Íslandi, kr. 3000.00 með 5% ársvöxtum frá 5. maí 1944 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1945.

Nr. 32/1945. Aðalsteinn Úlfarsson (Magnús Thorlacius)
gegn

Hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins. (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Endurheimt útsvars.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. marz þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2459.30 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. október 1943. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Yfirheyrsla aðilja hefur farið fram, eftir að héraðsdómur gekk.

Áfrýjandi hefur frá því á árinu 1938 verið skipverji á v/s Eldborg, sem h/f Grímur í Borgarnesi gerir út. Hann hefur samt síðan á árinu 1939 verið búsettur í Reykjavík og haft þar íbúð á leigu. Kona hans og börn hafa dvalizt þar. Þrátt fyrir þetta hefur hann talið sig heimilisfastan í Borgarnesi á manntalsskýrslum þar og talið þar fram til skatts. Þessi ár hefur verið lagt útsvar, kirkjugarðsgjald og hreppsvegagjald á áfrýjanda í Borgarnesi, og hefur hluti af skipverjalaunum hans gengið til greiðslu á gjöldum þessum.

Gekk svo til ársins 1943, en þá varð niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur kunnugt um búsetu hans í Reykjavík og lagði útsvar á hann, sbr. 8. gr. laga nr. 106/1936. Oddviti Borgarnesshrepps, sem jafnframt var framkvæmdastjóri h/f Grims, gerði reikningsskil við áfrýjanda í október 1943. Vildi oddviti þá, að laun áfrýjanda af hluta gengju til lúkningar nefndum gjöldum. Benti áfrýjandi þá á, að nú væri honum gert að greiða útsvar í Reykjavík, en oddviti taldi, að útsvar hans í Reykjavík yrði niður fellt, er hann sýndi skilríki fyrir útsvarsgreiðslu í Borgarnesi. Lét áfrýjandi þessi ummæli oddvita góð heita og samþykkti að greiða útsvarið. Með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur 4. janúar f. á. var honum dæmt að greiða útsvar það, er lagt var á hann í Reykjavík. Greiddi hann það útsvar og höfðaði síðan endurheimtumál þetta.

Áfrýjandi var búsettur með fjölskyldu sinni í Reykjavík, og mátti honum því vera ljóst, að vafasöm heimild var fyrir hendi til að leggja opinber gjöld á hann í Borgarnesi, sbr. 8. gr. laga nr. 106/1936. Sérstaklega var honum efni til varfærni um greiðslu slíkra gjalda í Borgarnesi, er tekið var að leggja útsvar á hann í Reykjavík. En þar sem áfrýjandi virðist hafa samþykkt greiðslu gjaldanna í Borgarnesi 1943 vegna staðhæfingar oddvitans um það, að útsvar hans í Reykjavík yrði niður fellt, þá þykir verða, eins og á stendur, að taka kröfu áfrýjanda um endurheimtu gjaldanna í Borgarnesi 1943 til greina, og ber því að dæma stefnda til endurgreiðslu kr. 2459.30 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 30. júní 1944, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins, greiði áfrýjanda, Aðalsteini Úlfarssyni, kr. 2459.30 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. júní 1944 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. f. m., hefur Aðalsteinn matsveinn Úlfarsson, Lokastíg 18 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. júní s. l., gegn hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2459.30, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. október 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir að sögn stefnanda:

Stefnandi hefur átt heima í Reykjavík undanfarin 5 ár og á það enn. Síðan á árinu 1938 hefur hann unnið á v/s Eldborg, sem h/f Grimur í Borgarnesi gerir út. Árið 1943 var á hann lagt útsvar bæði í Borgarnesi og í Reykjavík og hinn 7. október f. á. var tekið fé af kaupri stefnanda hjá h/f Grimi til greiðslu útsvars, hreppsvega- og kirkjugarðsgjalds í Borgarnesshreppi, samtals kr. 2459.30. Greiðsla útsvars til bæjarsjóðs Reykjavíkur dróst hins vegar vegna mótmæla stefnanda, en hinn 4. janúar þ. á. var kveðinn upp úrskurður í fúgetarétti Reykjavíkur, og var stefnandi talinn skyldur til útsvarsgreiðslu í Reykjavík. Greiddi stefnandi síðan útsvar það, er lagt var á hann í Reykjavík, kr. 800.00, en telur, að samkvæmt fyrrgreindum úrskurði hafi hann verið ranglega krafinn útsvars í Borgarnesi, og hefur því höfðað mál þetta til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem fyrr greinir.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé útsvarskyldur í Borgarnesshreppi, þar sem hann hafi átt þar heimili samkvæmt manntalsskýrslum árin 1939—1943, að báðum meðtöldum, og staðið á skattskrá þar árin 1941—1944. Þá heldur stefndi því og fram, að auk þess að úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur hafi engin bindandi áhrif fyrir Borgarnesshrepp, þá sé eigi heldur unnt að byggja á honum þá staðhæfingu, að stefnandi sé eigi útsvarskyldur í Borgarnesi.

Það er óvæfengt í málinu, að stefndi hefur á hverju ári síðan 1939 lagt framantalin gjöld á stefnanda þar í hreppi og hann einungis greitt gjöld þessi þar, þótt búsetu hans hafi verið eins háttáð og nú öll þessi ár. Er og sannað, að stefnandi hefur þenna tíma verið skráður á manntals- og skattskrá í Borgarnesshreppi, og ekki verður séð, að stefnandi hafi nokkru sinni hreyft athugasemdum við greiðslu þessara gjalda til hreppsins. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt til endurgreiðslu hinnar umstefndu fjárhæðar, sem hann lét viðgangast, að greidd var til hreppsins, eftir að hann vissi eða mátti vita, að útsvar hafði einnig verið lagt á hann hér í Reykja-

vik árið 1943, auk þess sem hann notaði ekki heimild þá, sem um getur í d-lið 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106 frá 1936, til þess að krefjast þess, að hann yrði felldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina, en eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Aðalsteins Úlfarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. nóvember 1945

Kærumálið nr. 3/1945. Óli J. Ólason

gegn

Borgarfógetanum í Reykjavík.

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. marz þ. á., sem hingað barst með bréfi borgardómarans í Reykjavík 11. apríl þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 26. marz þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Með stefnu 20. apríl þ. á. áfrýjaði varnaraðili nefndu bæjarþingsmáli til hæstaréttar. Sama dag gekk í hæstarétti úrskurður um það, að kærumálinu skyldi frestað ex officio, unz séð yrði, hvort fyrrgreint bæjarþingsmál yrði lagt í dóm. Nú hafa aðiljar þess hafið það í þinghaldi í hæstarétti 31. október s. l., og ber þá að leggja dóm á kærumálið.

Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdómsins verði fellt úr gildi og varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað, alls kr. 541.00. Svo krefst